
Lykiltölur úr rekstri

Nova Klúbburinn hf.

3F 2026




Áframhaldandi tekjuvöxtur í kjarnastarfsemi Nova

Tölur án áhrifa vegna Ofar, Kosmos og Ligo

Heildartekjur


Milljónir króna

Vöxtur á leiðréttum grunni: +4,9%



Tekjuþróun eftir flokkum

Milljónir króna





- Tekjur Nova námu 3.510 m.kr. og jukust um 4,9% milli ára á leiðréttum grunni.
- Tekjur af FastNeti aukast um 10,5% þar sem heimilistengingum fjölgar um 5,6% og tekjur af sérlausnum halda áfram í sterkum vexti.
- Tekjur af FlakkNet aukast um 2,0% þar sem tekjur af farsímaþjónustu er að vaxa en erlendar reikitekjur dragast saman á móti.
- Vörusala stendur nokkurn veginn í stað milli ára en aðrar tekjur aukast um 21% á leiðréttum grunni þar sem m.a. tekjur af heildsölu fjarskiptaþjónustu og endursölu sjónvarpsefnis eru að vaxa milli ára.


*Leiðrétt fyrir áhrifum af tekjum frá Sendafélaginu á samanburðarári

Hæstu tekjur í sögu samstæðunnar

Fyrsti heili fjórðungurinn með Ofar í samstæðu








*Leiðrétt fyrir tekjum frá Sendafélaginu á samanburðarári.
**Útgefnar tölur í ársuppgjörinu 3F 2025 án allra leiðréttinga

Breiðari tekjugrunnur með breyttri samsetningu

Vörusala orðin stærsti einstaki tekjustofninn

Tekjur eftir flokkum, m.kr.





- Tekjur af FlakkNeti námu samtals 1.746 m.kr. og vaxa um 2% þar sem tekjur af farsímaþjónustu eru að aukast en erlendar reikitekjur eru að dragast saman á móti.
- Tekjur af FastNetinu voru 1.167 m.kr. og vaxa um 10,5% sem skýrist af bæði góðri fjölgun viðskiptavina með heimilistengingar sem og sterkum tekjuvexti af Sérlausnum.
- Tekjur af Vörusölu námu samtals 2.414 m.kr. og aukast um 1.918 m.kr. milli ára, eða um 387%. Þar af eru 1.895 m.kr. aukning vegna vörusölutekna sem kom inn frá rekstri Ofar á fjórðungnum. Tekjur af vörusölu Nova aukast lítillega milli ára. Vörusala er nú orðin stærsti tekjuflokkur samstæðunnar og nemur 42% af heildartekjum.
- Aðrar tekjur námu 488 m.kr. og aukast um 232 m.kr. milli ára. Á samanburðarári tekjufærði félagið 168 m.kr. vegna Sendafélagsins. Leiðrétt fyrir þeim tekjum aukast aðrar tekjur Nova um 21% milli ára og námu 107 m.kr., en aðrar tekjur Ofar, Kosmos og Ligo námu samtals 381 m.kr. á fjórðungnum.

Rekstrarafkoma Nova batnar á þriðja ársfjórðungi

EBITDA Nova samtals 943 m.kr. án áhrifa frá Ofar, Kosmos og Ligo

- EBITDA-hlutfall Nova hækkaði í 26,9% úr 20,4% á öðrum ársfjórðungi, þar sem tekjur jukust og rekstrarkostnaður lækkaði milli fjórðunga.
- Aðgerðir í upphafi árs til að einfalda reksturinn eru farnar að skila sér og stöðugildum hefur fækkað frá ársbyrjun.
- Kostnaðarverð seldra vara hækkar m.a. vegna breytinga tengdum Sendafélaginu, en einnig hækka aðgangsgjöld fyrir ljósleiðara vegna fleiri heimilis- og fyrirtækjatenginga auk verðhækkana frá birgjum.
- Annar rekstrarkostnaður hækkar m.a. vegna aukinna leyfisgjalda í UT-kerfum og verðhækkana frá birgjum.







Ofar styður við EBITDA samstæðu á fyrsta heila fjórðungnum

EBITDA samstæðu nam 1.051 m.kr. og EBITDA-hlutfall var 18,1%

- EBITDA samstæðunnar nam 1.051 m.kr. og lækkaði um 5% milli ára sem skýrist af breyttri samsetningu samstæðunnar.
- Samanlagt skiluðu Ofar, Kosmos og Ligo 107 m.kr. í EBITDA. Rekstur Ofar var í takt við áætlanir en Kosmos og Ligo, sem eru í uppbyggingarfasa, skiluðu á móti neikvæðri afkomu á tímabilinu en gert er ráð fyrir að þau skili jákvæðri EBITDA á árinu 2027.
- Lægra EBITDA-hlutfall en á fyrra ári skýrist helst af breyttri tekjusamsetningu, þar sem vörusala er nú 42% af tekjum, sem og framsali dreifikerfisins til Sendafélagsins.





Hagnaður jókst um 24% milli ára

Tekjuvöxtur 66% og hagnaður á hlut hækkar um 28% á þriðja ársfjórðungi

	3F26	3F25	Breyt.	Br. %	9M26	9M25	Breyt.	Br. %
Heildarrekstrartekjur	**5.815**	**3.514**	**2.302**	**66%**	**13.238**	**10.266**	**2.972**	**29%**
Kostnaðarverð seldra vara	3.368	1.607	1.761	110%	7.380	4.620	2.760	60%
Laun og launatengd gjöld	874	516	357	69%	2.193	1.615	578	36%
Annar rekstrarkostnaður	523	281	242	86%	1.264	879	385	44%
Heildarrekstrargjöld	**4.764**	**2.404**	**2.360**	**98%**	**10.837**	**7.114**	**3.723**	**52%**
EBITDA	**1.051**	**1.109**	**-59**	**-5%**	**2.402**	**3.152**	**-751**	**-24%**
EBITDA%	18%	32%	-14 %-stig		18%	31%	-13 %-stig	
Afskriftir	-414	-593	179	-30%	-1.195	-1.783	588	-33%
Rekstrarhagnaður EBIT	**637**	**516**	**120**	**23%**	**1.207**	**1.369**	**-162**	**-12%**
Hrein fjármagnsgjöld	-322	-232	-90	39%	-796	-687	-109	16%
Áhrif hlutdeildarfélaga	32	0	32	n/a	103	-3	106	n/a
Tekjuskattur	-65	-57	-9	15%	-89	-135	46	-34%
Hagnaður tímabilsins	**282**	**228**	**54**	**24%**	**425**	**544**	**-119**	**-22%**
Grunn hagnaður á hlut	0,082	0,064	0,018	28%	0,123	0,153	-0,030	-20%

- EBIT jókst um 23% og hagnaður um 24% milli ára, m.a. vegna lægri afskrifta og hlutdeildar í afkomu Sendafélagsins.
- Hrein fjármagnsgjöld hækkuðu um 90 m.kr., einkum vegna lántöku í tengslum við kaupin á Ofar.
- Ofar varð hluti af samstæðunni 1. júní, Kosmos hóf þjónustu í maí og Ligo tók til starfa 1. júlí. Félögin hafa því áhrif á allan þriðja ársfjórðung en aðeins að hluta á fyrstu níu mánuði ársins.
- Þá hefur framsal dreifikerfisins til Sendafélagsins áhrif á samanburð milli ára, bæði á tekjur, kostnað og afskriftir.
- Hagnaður á hlut er 0,082 kr. og eykst um 28%.

Traustur efnahagur eftir stækkun samstæðu

Eignir aukast um 22% og eiginfjárhlutfall er 33%

Eignir, m.kr.	30.09 2026	31.12 2025	Breyt.	Br. %
Viðskiptavild	13.070	10.136	2.934 [1]	28,9%
Óefnislegar eignir	1.361	1.330	31	2,3%
Rekstrarfjármunir	1.702	1.276	426	33,4%
Leigueignir	4.759	4.268	491	11,5%
Eignahlutir í hlutdeildarfélögum	1.216	1.113	103	9,3%
Lán til tengdra aðila	152	1.801	-1.649 [2]	-91,5%
Tekjuskattsinneign	832	704	128	18,3%
Fastafjármunir samtals	**23.093**	**20.628**	**2.465**	**11,9%**
Birgðir	2.381	329	2.052 [3]	622,7%
Viðskiptakröfur	2.110	1.206	904	75,0%
Aðrar skammtímakröfur	414	491	-77	-15,7%
Handbært fé	769	890	-121	-13,6%
Veltufjármunir samtals	**5.674**	**2.916**	**2.757**	**94,6%**
Eignir samtals	**28.767**	**23.545**	**5.222**	**22,2%**

Skuldir og eigið fé, m.kr.	30.09 2026	31.12 2025	Breyt.	Br. %
Eigið fé	**9.537**	**9.595**	**-58**	**-0,6%**
Vaxtaberandi langtímaskuldir	4.869	1.785	3.084 [4]	172,8%
Leiguskuldbindingar	6.779	6.289	490	7,8%
Aðrar skuldir	3.521	3.122	399	12,8%
Langtímaskuldir samtals	**15.169**	**11.195**	**3.974**	**35,5%**
Vaxtab. skammtímaskuldir	708	105	603	574,1%
Viðskiptaskuldir	1.155	892	263	29,5%
Ógreiddir skattar	219	410	-191	-46,5%
Næsta árs afb. leigusk.	401	353	49	13,9%
Aðrar skammtímaskuldir	1.577	994	583	58,6%
Skammtímaskuldir samtals	**4.061**	**2.754**	**1.307**	**47,5%**
Skuldir samtals	**19.230**	**13.949**	**5.280**	**37,9%**
Skuldir og eigið fé samtals	**28.767**	**23.545**	**5.222**	**22,2%**


1 Viðskiptavild hækkar vegna kaupanna á Ofar. 2 Lán til tengdra aðila lækkar við endurgreiðslu Sendafélagsins á hluthafaláni. 3 Birgðir hækka vegna birgðastöðu Ofar. 4 Vaxtaberandi langtímaskuldir hækka vegna lántöku í tengslum við kaupin á Ofar.

Stækkun samstæðu fjármögnuð á sterkum grunni

Sterk eiginfjárstaða eftir stækkun samstæðu


Eiginfjárhlutfall

-7,6 %-stig frá áramótum




Veltufjárhlutfall

+0,34 frá áramótum




Heildarskuldir[1], m.kr.

+4.381 m.kr. frá áramótum



Skuldsetningarhlutfall[2]

+1,81 frá áramótum




[1] Heildar vaxtaberandi skuldir, leiguskuldbindingar og aðrar skuldir (langtíma- og skammtímahluti)
[2] Nettó vaxtaberandi skuldir, leiguskuldbindingar og aðrar skuldir / 12M EBITDA (Innifelur EBITDA Ofar einungis frá og með 1. júní sem skýrir að hluta hátt gildi)


Sterkt veltufé frá rekstri en há veltufjárbinding á fjórðungnum

Veltufé frá rekstri 1.046 m.kr. og frjálst sjóðstreymi (FCF) 760 m.kr.


Helstu breytingar í handbæru fé, m.kr.



FCF[1] og FCF/heildartekjur, m.kr.



Handbært fé frá rekstri, m.kr.




[1] FCF = Veltufé frá rekstri að frádregnum fjárfestingum í rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum

Veltufjárbinding skýrir neikvætt sjóðstreymi frá rekstri

Birgðir og lækkun viðskiptaskulda bundu um 899 m.kr. á fjórðungnum

Frá EBITDA til handbærs fjár frá rekstri, 3F 2026, m.kr.




Breytingar á birgðum, kröfum og viðskiptaskuldum skv. efnahagsreikningi 30.06 og 30.09.
Annað = aðrar breytingar á rekstrartengdum liðum.

- EBITDA nam 1.051 m.kr. og veltufé frá rekstri 1.046 m.kr.
- Birgðir hækkuðu um 329 m.kr., en Ofar hafði aukið birgðakaup fyrir boðaðar verðhækkanir og fyrirsjáanlegt skert framboð á tölvubúnaði. Félagið nýtti sér skammtímafjármögnun sem hefur nú að stórum hluta verið greidd niður.
- Viðskiptaskuldir lækkuðu um 570 m.kr. en á móti lækkuðu kröfur um 137 m.kr.
- Nettó greiddir vextir og skattar námu 299 m.kr. og handbært fé frá rekstri var því -47 m.kr.

Fjárfestingar í takt við áætlun

Lægri fjárfestingarþörf með framsali dreifikerfis

Fjárfestingar 9M, m.kr.



Rekstrarfjármunir

- Um síðustu áramót var dreifikerfi farnets framselt til Sendafélagsins, sem Nova á 55% í. Fjárfesting í dreifikerfinu fer nú fram í Sendafélaginu, þar sem áherslan er að stækka þjónustusvæði 5G og bæta dreifikerfið í dreifbýli.
- Áframhaldandi eftirspurn eftir gagnaflutningi fyrir gagnaver sem knýr áfram fjárfestingu í aukinni afkastagetu og öryggi í stofnneti.


Óefnislegar eignir

- Aukin fjárfesting í stafrænum innviðum, sem styður við aukna sjálfsafgreiðslu, bætta þjónustu og leggur áherslu á hagnýtingu gervigreindar (AI).
- Fjárfest í MVNO-innviðum Nova fyrir heildsölu, meðal annars vegna Kosmos og tækifæra á heildsölumarkaði.

Fjárfestingar ársins

- Fjárfestingar Ofar, Kosmos og Ligo námu um 85 m.kr. á 2F og 55 m.kr. á 3F, einkum í vöruþróun og búnaði.
- Gert er ráð fyrir að heildarfjárfestingar ársins nemi um 1.200 m.kr.

Þróun fjárfestinga eftir ársfj., m.kr.



Uppfærð afkomuspá ársins 2026

- Tekjuvöxtur ársins hefur verið í takt við væntingar og því hækka neðri mörk tekjuhorfa um 200 m.kr.
- Ávinningur af hagræðingu hjá Nova er skýr og tekjur og framlegð Ofar eru í takt við áætlanir.
- Uppbygging Ligo hefur tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir og jákvæðu framlagi félagsins til afkomu ársins seinkar.
- Gert er ráð fyrir að Kosmos og Ligo skili jákvæðri EBITDA á árinu 2027.
- Fjárfestingar ársins eru óbreyttar frá fyrri horfum.

Tekjur

19,2-19,4 ma.kr.

2025*: 13,2 ma.kr.
~ 45-47% vöxtur

EBITDA

3,5-3,6 ma.kr.

2025*: 3,1 ma.kr.
~ 13-16% vöxtur

Fjárfestingar

~1.200 m.kr.

2025*: 1.027 m.kr.
~ 17% hækkun milli ára

*2025 tölur leiðréttar fyrir áhrifum af breytingum vegna Sendafélagsins

Fyrirvari

Upplýsingar í framangreindri kynningu byggja á þeim gögnum sem lágu fyrir við gerð hennar og heimildum sem Nova Klúbburinn telur áreiðanlegar. Kynningin kann að innihalda mat, áætlanir og væntingar stjórnenda um framtíðarþróun, en slíkar upplýsingar fela ekki í sér loforð um tiltekna þróun eða niðurstöðu.

Ýmsir þættir geta leitt til þess að raunveruleg þróun og afkoma verði frábrugðin því sem gert er ráð fyrir í kynningunni. Þar má meðal annars nefna breytingar á efnahags- og samkeppnisumhverfi, tækniþróun, aðgengi að fjármögnun og ákvarðanir stjórnvalda og eftirlitsaðila.

Upplýsingar og staðhæfingar í kynningunni miðast við birtingardag hennar. Félagið tekur ekki að sér að uppfæra kynninguna vegna upplýsinga eða atvika sem síðar koma fram, nema því beri skylda til samkvæmt lögum eða reglum.

Kynningin er fyrst og fremst ætluð til almennrar upplýsingagjafar. Viðtakendur eru hvattir til að kynna sér málefni félagsins sjálfstætt og byggja ákvarðanir sínar á eigin mati.